

Félagsaðild í Fuglavernd

Leikskólabörnin
Bakkabergi
eru félagar í
Fuglavernd



16.09.2011



Fuglavernd

Leikskólinn Bakkaberg er staðsettur á tveim stöðum, annarsvegar í Staðarhverfi í Grafarvoginum og hinsvegar við Kléberg á Kjalarnesi. Báðar starfsstöðvarnar eru staðsettar í miðri náttúruparadís þar sem garðfuglar heimsækja okkur, mófuglar spígspora á lóðunum, sjó- og vaðfuglar svamla í fjöruborðinu og hrafnninn er aldrei langt undan. Við erum sem sagt með allt til alls til að virkja nemendur leikskólans til að gerast verndarar fugla, einnig höfum við verið með útinám Fjörulallar, það erum við! lengi í gangi.

Því var það í samstarfi við Fuglavernd að við sóttum um styrk til Barnavinafélagsins Sumargjafar til að fara af stað með tilraunaverkefnið Fiðraðir vinir okkar. Var meðal annars hugmyndin að börnin gerðust félagar í Fuglavernd, ásamt því að gerð yrði aðgengileg heimasíða sem sýndi þetta starf leikskólabarna og væri jafnframt hugmyndabanki fyrir aðra til að fara af stað með sambærilegt starf. Ekki gafst kostur á því að úr yrði sér heimasíða en sett voru saman nokkur stutt rit sem vonandi nýtist öðrum sem áhuga hafa á sambærilegu starfi með börnum.

Leikskólabörnin á Bakkabergi gerðust formlegir félagar í Fuglavernd þann 16. september 2011, á Degi íslenskrar náttúru. Þessi rit hér eru hluti af því verndarstarfi og er von okkar að fleiri sjái sér hag í því að opna augu barnanna fyrir fuglavernd og í leiðinni umhverfisvernd.

Útinám er stór liður í starfi okkar með börnunum á Bakkabergi og höfum við tekið þátt í margskonar verkefnum tengdu því.

Okkur finnst mjög mikilvægt að opna augu barnanna fyrir umhverfisvernd og fuglavernd. Því er unnið markvisst með þessa þætti, því það er trú okkar að því fyrr sem börn kynnast náttúrunni því meðvitaðri eru þau um að bera virðingu fyrir henni.

Það að börnin fá að vera viðurkenndir félagar í Fuglavernd finnst okkur sýna fram á að leikskólabörn eru virkir þjóðfélagsþegnar sem taka þátt í að vernda umhverfi sitt og þá fiðruðu vini sem deila því með okkur.

Ingibjörg E. Jónsdóttir

Fuglafóðrun

Fuglavernd barna



Þar sem mikill áhugi er hjá börnunum að fá fuglana til okkar í garðinn, þá var tekin sú ákvörðun að fræðast aðeins nánar um þá.

Við **skoðuðum fræðibækur** með börnunum, röbbuðum um myndirnar og lásum það sem börnin vildu að lesið yrði. Einnig var farið á **veraldarvefinn** og leitað að heimasíðum um fugla eða með myndum af þeim.



Eftir þó nokkurt grúsk og vangaveltur hjá börnunum þá ákváðu þau að gera skissur að matarlátum fyrir fugla. Í sameiningu völdu þau úr tvær hugmyndir og gerðu þær; annarsvegar úr leir og hinsvegar úr mjólkurfernu.



Ákveðið var að prófa að festa þetta út á tréin okkar og setja fóður í, einnig hengdum við upp epli til vonar og vara.



Við vorum nú ekki alveg viss hvort fuglarnir hefðu borðað úr fóðurstöðunum okkar, þannig að við lásum okkur meira til um fuglafóðrun og héldum tilraunum áfram.

Næst var gerð tilraun með að **bjóða krumma í mat**. Festum við hillu á grindverkið hjá leikskólanum og settum bæði matarafganga og fuglafræ á hilluna.



Síðan gerðum við **fóðurkúlur** sem við settum í net og hengdum upp í tré. Fóðurkúlurnar eru þannig gerðar að hnoðað er upp í feiti (tólg) brauðmyrslu og fuglafóðri, þetta gerðu kennararnir. Börnin fengu síðan litla bita af þessu til að hnoða í kúlur og velta betur upp úr fuglafóðrinu. Þetta er síðan sett í net (passa að netið sé ekki of fíngert) og þá eru fóðurkúlurnar tilbúnar til upphengingar.



Við leyfðum einnig elsta árganginum að gera **fóðurköngla**, en þá þarf að fara mjög varlega. Börnin setja blómavír á köngla, síðan er þeim dýft ofan í brædda tólg og velt upp úr fuglafóðri. Þetta er gert nokkrum sinnum.



Auðvitað setjum við svo út á lóðina okkar **fuglafóður og brauðbita**. Það er mjög vel þegið af smáfuglunum þegar kalt er í veðri og mjög spennandi að fylgjast með þeim þegar þeir fá sér bita.



Oft erum við ekki viss hvort fuglarnir séu að fá sér bita hjá okkur og stundum verða börnin hálf ópolinmóð við að fylgjast með. En þegar ótvíræðar sannanir finnast þá ríkir mikil gleði í barnahópnum.



Fuglaskoðun

Fuglavernd barna



Stór þáttur í starfinu okkar með börnunum er **útinámið**, þá færum við nám og leik barnanna út fyrir veggi leikskólans með skipulögðum hætti. Börnin fá þannig að komast í **snertingu við umhverfið og náttúruna**. Því má segja að þau fái að upplifa hlutina í raunverulegum aðstæðum, með öllum sínum skilningavitum, Námið verður þannig ljóslifandi og hluti af reynslu barnsins.




Áður en lagt er af stað í fuglaskoðun, kemur barnahópurinn sér saman um hvað það er sem við ætlum að kanna og hvaða búnað við þurfum að hafa með okkur.



Í fuglaskoðun þarf númer eitt, tvö og þrjú að fara **rólega, horfa vel í kringum sig og hlusta**. Börnin eru alveg ótrúlega fljót að vera meðvituð um þessi atriði, ef þau ætla að reyna að fylgjast með fuglunum. Fuglarnir eru mjög misjafnir með það hvað þeir eru styggir og eru það helst gæsir sem eru rólegar þegar börnin mæta á svæðið. Sumir fuglar eins og æðafuglinn svamlar aðeins frá ströndinni og þá er nú gott að vera með **kíkir** meðferðis. Einnig getur verið gaman að hafa **myndavélina** við hendina.

Inn á vef Námsgagnastofnun er mjög skemmtilegur Fuglavefur og er þar meðal annars eyðublað (<http://www1nams.is/fuglar/fuglaskodun.pdf>) fyrir fuglaskoðun sem getur verið gott að hafa með sér. Þetta blað er einfalt og hjálpar okkur meðal annars að lesa út úr hátterni fugla.



Í fuglaskoðun getum við rekist á margt spennandi. Það hefur komið gæs að fá sér bita með okkur, einnig birtist einn daginn dúfa. Svona augnablik gefa börnunum mikið, þegar fuglarnir koma til þeirra og þiggja í þokkabót smá bita.

Börnin finna einnig oft egg í hreiðri, ef hreiður er hægt að kalla, því þetta eru yfirleitt egg tjaldsins og hann er nú ekki að vanda sig við hreiðurgerð. Börnin fara mjög varlega í kringum eggin og hafa stundum verið að fylgjast með hvernig útungun gengur. Eitt sinn var mikil sorg þar sem búið var að brjóta eggin og borða inn úr þeim. Þannig skiptist á skin og skúrum.



Umhverfi leikskólans

Fuglavernd barna



Fuglavernd leikskólabarna



Okkur finnst mjög mikilvægt að gera umhverfi leikskólans þannig að það sjáist vel hvað við erum að gera með börnunum. Þannig **drögum við markvisst fram** allt það sem við getum nýtt okkur í að **virkja forvitni og áhuga** þeirra.



Í miðrýminu erum við með **veggspjöld**, annað er með fuglum og hitt með lífríki fjörunnar og eru þau í augnhæð barnanna. Við höfum séð og heyrt miklar umræður á milli barnanna og einnig á milli foreldra og barna við þessi veggspjöld, það styrkir okkur í því að við erum að gera rétt.



Við eigum lítinn bókaskáp á hjólum og erum við með hann í miðrýminu. Í honum komum við fyrir **fuglabókasafni**. Það inniheldur jafnt barnabækur um fugla sem fræðibækur um þá. Börnin hafa virkilega gaman af að grúska í þessum bókum.

Fyrir ofan fuglabókasafnið **svífur heimagerður krummi** sem fær eina og eina fjöður merкта bók og deild, í hvert skipti þegar búið er að lesa eða grúska sameiginlega í bók.



Við erum með læstan glerskáp í miðrýminu fyrir gullin okkar og er þar meðal annars margskonar efniviður úr fjörunni. Okkur langaði að hafa **uppstoppaða fugla og egg** einnig þar til sýnis, svo við töluðum við aðstandendur. Viðbrögðin voru alveg ótrúleg, við fengum nokkuð af eggjum og nokkra uppstoppaða fugla. Einnig fengum við margskonar fuglafætur og fjaðrir frá náttúrufræðingi.



Við fréttum af því að í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum væru svo skemmtileg vænghöf af fuglum í raunstærð. Við fórum á stúfana og fengum snið af **vænghafi** hrafns og æðafugls.

Vænghöfin voru söguð út og börnin máluðu þau. Síðan er alltaf gaman að máta sig við vænghafið, sérstaklega hans krumma.



Úti í garði settum við upp **plastaðar myndir** af fuglunum sem eru í umhverfi okkar. Þetta hefur skapað umræður á milli barnanna og eru oft heimspekilegar vangaveltur sem fara þar fram.



Af og til erum við með **ljósmyndir af fuglum**, sem við klippum út úr gömlum dagatölum og tímaritum, og hengjum upp á veggi leikskólans.

Síðan er um að gera að týna til allan þann búnað sem finnst í skólanum og gæti nýst okkur til umræðna og vangaveltna um fuglana, svo sem **spil, púsl og handbrúður**.



Einn af fínu uppstoppuðu
fuglunum sem við fengum
lánaða hjá ættingjum



Vinirnir að mæla sig við
vænghaf krumma



Verið að skoða fuglabækur



Hver kannast ekki við þessa?




Krummi (handbrúða)
tekur þátt í ýmsu með
börnunum



Rjúpan situr hér stolt hjá
íslenska fánanum og
grænfánanum



Vænghaf æðafugls



Virðuleg æðakolla og bliki



Fulglar á hreiðri. Í baksýn er
hluti af eggjum sem við
fengum gefins

Söguaðferðin

Fuglavernd barna – ýmsar leiðir



Söguaðferðin er ákveðin þemavinna sem er byggð upp eins og góð saga, með upphaf, miðju og endi. Nánar er hægt að fræðast um söguaðferðina hér: <http://www.simnet.is/storyline/index.htm>

Þegar unnið er út frá söguaðferðinni er notaður ákveðinn sögurammi sem heldur utan um verkefnið. **Björg Eiríksdóttir** og fleiri hafa gert þó nokkuð marga söguramma sem m.a. má sjá á ofangreindri slóð. Við fengum leyfi hjá Björg til að nota söguramman hennar **Fuglinn** og útfæra hann fyrir leikskólaaldurinn og gera þannig tilraun með þessa aðferð fyrir leikskólabörn og var það virkilega skemmtileg vinna.

Við fengum leyfi Bjargar til að setja söguramman hér eins og hann lítur út hjá okkur eftir að við vorum búnar að sníða hann að leikskólanum.

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda
Vor	Hvernig sjáum við og finnum að vorið er komið? Heyrum við í vorinu?	Börnin fara í vettvangsferð að athuga hvort við sjáum, heyrum og finnum vorið
Fuglar	Á hverju þekkjum við fugla? Hvernig eru fætur fugla? Til hvers nota fuglar gogginn og hvernig er hann í laginu? Hvað borða fuglar? Hvernig eru fjaðrirnar? Eru allir fuglar eins á litinn? Af hverju ætli þeir séu svona mismunandi á litinn?	Hugstormun Teikna fugla Hengja upp teikningar og segja frá þeim Ræða og skrifa niður umræður barnanna og vangaveltur Börnin föndra fugla á mismunandi vegu, úr fjölbreyttum efnivið

Umhverfið	Börnin velja sér ákveðinn fugl til að skoða nánar Í hvers konar umhverfi lifir fuglinn þinn? Tengist eitthvað saman litur fuglsins og umhverfið? Hvaða fæðu finnur fuglinn í þessu umhverfi? Hvernig hagar fuglinn sér? Hvað er hann að gera? Finum við hreiður? Hvernig eru eggin? En sjálft hreiðrið? Hvað þurfum við að varast varðandi hreiðrið og eggin?	Fuglaskoðunarferð um nánasta umhverfið og skrá niður það sem við sjáum og vekur áhuga barnanna Teikna umhverfi fuglsins (vera með klemmuspjald og liti) Teikna fuglinn í umhverfi sínu og spá þá í litina Skoða hreiður og egg ef þau finnast og passa upp á að gera ekki fuglana hrædda Börnin teikna hreiður með eggjum
------------------	--	--

Fuglsungar	Ætli það séu komnir ungar úr eggjunum? Hvernig líta ungarnir út? Geta litlir ungar flogið? Hvernig gefa foreldrarnir ungunum sínum að borða? Hvað ætli ungarnir borði?	Farið í vettvangsferð að leita að ungum Vera með sjónauka og fara mjög varlega Skrá niður upplifun barnanna og fá þau til að skrá niður það sem þau sjá og heyra
Atburður	Hvað erum við búin að sjá hjá fuglinum okkar? Hvernig er ævi fuglsins? Hvar byrjar hún og hvar endar hún? Getum við búið til sögu um fugl og sett í bók?	Skrifa sögu um fuglana með myndum eftir börnin og búa til bók

<i>Haust</i>	Hvað verður um fuglinn þinn á haustin? Hvers vegna fara sumir fuglar frá Íslandi og hvert fara þeir? Þeir fuglar sem eru á Íslandi á veturna, hvað borða þeir? Getum við hjálpað þeim?	Umræður og vangaveltur sem verða jafnvel kveikjan að næsta verkefni um vetursetu fugla og fóðrun þeirra yfir köldustu vetrarmánuðina
<i>Fuglafræðingur</i>	Hvað segja fræðibækur um fuglinn þinn? Er hægt að finna myndir af fuglinum á veraldarvefnum? Hvað nota fuglafræðingar þegar þeir eru í vettvangsferðum að skoða fugla? Hvað þarf að hafa í huga þegar við erum að skoða fugla?	Skoða bækur, fara á vefinn og sjá fræðslumyndir Muna að vera með sjónauka, myndavél, klemmuspjald, liti og fuglabók með í vettvangsferðum Börnin setja sér ákveðnar vinnureglur fyrir vettvangsferðirnar

Söguaðferðin er alveg kjörin fyrir okkur í leikskólanum og sérstaklega fyrir þá sem vilja hafa gott skipulag á vinnu sinni með börnunum. Eins og áður sagði þá er ákveðið upphaf, miðja og endir á þessari vinnu og er alveg kjörið að flétta henni saman við alla þætti starfsins í leikskólanum.

Ótrúleg eru ævintýrin

Fuglavernd barna – ýmsar leiðir



Námsefnið **Ótrúleg eru ævintýrin... Sögur og vísur til málörvunar** eftir hana **Sigríði J. Þórisdóttur** er virkilega skemmtilegt þegar vinna á með þjóðararf okkar sem liggur í þjóðsögum og kvæðum.

Hún Sigríður setur þessa vinnu upp í ákveðinn vef þar sem viðfangsefnið er í miðjunni og námsþættir út frá því. Námsþættirnir eru: lestur, ritun og hlustun, talmál/tjáning, samfélagsfræði, náttúrufræði og stærðfræði, leikræn tjáning, myndsköpun/handmennt, tónmennt og sýning/árangur.

Við erum að prófa okkur áfram í þessari vinnu og sjáum fyrir okkur að þetta geti verið mjög skemmtileg og fjölbreytt nálgun á viðfangsefninu.

Hér er sýnishorn af viðfangsefni þar sem unnið er út frá Ótrúleg eru ævintýrin og heimspeki með börnum. Þetta skipulag var reyndar gert fyrir mörgum árum en er einfalt og fær því að flakka hér. Námsþættirnir fléttast frekar mikið saman, en þó reynum við hér að flokka vinnuna niður í þá. Tekið skal þó fram að í hverri stund er yfirleitt verið að vinna með marga þætti.

Viðfangsefnið er kvæðið **Krumminn á skjánum** sem flest allir þekkja vel. Kannað er hvort einhvert barnanna þekki þetta kvæði og viti menn, allir þekkja það. Við förum saman með vísuna.

Lestur - ritun - hlustun

Kennarinn er búinn að prenta kvæðið út, línu fyrir línu, í stórri stafastærð. Nú notum við söguteppið okkar, sem er teppi með glærum vösum þvert yfir. Við setjum hverja línu úr kvæðinu í vasa um leið og við förum með kvæðið.

Síðan þegar allt kvæðið er komið upp á teppið er um að gera að benda á hvert orð þegar farið er með kvæðið. Þannig er hægt að leika sér með orðin á ýmsan máta. Þegar börnin þekkja orðin er hægt að prenta kvæðið út aftur í sömu stafastærð en nú á litaðan pappír. Kennarinn klippir kvæðið (sem er á litaða pappírnum) niður í orð, það getur verið ágætt að hafa stundum tvö orð saman, þar sem sum orðin koma oft fyrir.

Börnin fá nú hvert sitt orð og para það við orðið í kvæðinu. Síðan er orðið sett í vasann á söguteppinu yfir sama orðið.

Börnin teikna kvæðið og þá er um að gera að vera með orðin úr kvæðinu til taks ef eitthvert barn vill skrifa.

Talmál/tjáning - hlustun

Þá er komið að því að skoða orðin í kvæðinu betur. Nú er um að gera að fá börnin til að velta þeim fyrir sér nánar.

Hvað þýðir:

- ...á skjánum?
- ...gef mér bita af borði þínu?
- ...býsna reiður?
- ...burtu farðu krummi leiður?
- ...líst mér af þér lítill heiður?
- ...ljótur ertu á tánum?

Það getur verið gaman að hafa fléttitöflu við hendina og skrá þar niður hugmyndir barnanna. Ef margar mismunandi hugmyndir koma er hægt að fara í orðabók með börnunum og athuga hvaða skýringar hún gefur okkur. Svo er um að gera að nota þessi orð í daglegu tali með börnunum, sbr. „Ertu búinn að kíkja út um skjáinn og athuga veðrið?“

Það getur verið gaman að fá börnin til að velta fyrir sér textanum í kvæðinu aðeins nánar og þá getur verið gott að hafa hjálparspurningar og upptökutæki (eða blað) til að taka upp svör barnanna.

Með hjálparspurningunum á auðvitað að spyrja börnin nánar með því að nota; af hverju, hversvegna, hvað, hvernig?

Dæmi um hjálparspurningar:

• Af hverju var krummi að biðja um bita? • Hvernig leið krumma? • Af hverju var bóndinn reiður? • Hvernig líður okkur þegar við erum reið?	• Þegar við erum reið, erum við þá ljót? • Hvað er ljótt? • Eru blóm ljót? • Eru steinar ljótir? • Eru svartar tær ljótar? En hvítar? • Af hverju segir bóndi að krummi sé ljótur á tánunum?
• Hvað er að vera leiðinlegur? • Er krummi leiðinlegur af því að hann er með ljótar tær? • Ef krummi væri með fallegar tær er hann þá leiðinlegur? • Er bóndinn leiðinlegur?	• Geta krummar talað við aðra krumma? • Geta krummar talað við menn? • Geta menn talað við krumma? • Geta menn talað við dýr? • Geta menn talað við blóm?
• Hvernig leið krumma þegar bóndinn rak hann í burtu? • Hvernig leið bóndanum? • Átti bóndinn að gefa krumma bita? • Eigum við alltaf að gefa öðrum með okkur? • Er í lagi að gefa ekki með okkur?	• Var í lagi að reka krumma í burtu? • Hvað er að skilja útundan? • Má skilja ljóta útundan? • Má skilja fallega útundan? • Má skilja útundan?

Tónmennt

Þetta litla kvæði okkar er einfalt og auðvelt er að leika sér með það á margan hátt. Það er hægt að syngja það með reiðitón og prófa einnig með gleðitón. Syngja það hratt og hægt. Slá taktinn með steinum eða hljóðfærum. Klappa saman höndum sem takt. Kvæðið rímar vel og má ýkja það þannig að börnin uppgötvi rímið.

Ef ákveðið er að setja upp leiksýningu í tengslum við þessa vinnu er upplagt að hvetja börnin til að leika sér svolítið með rímið, taktinn og útsetja flutninginn með hljóðfærum.

Myndsköpun/handmennt - leikræn tjáning

Nú er það að bjóða börnunum að túlka kvæðið í gegnum myndsköpun. Í frjálstri túlkun þeirra er gaman að sjá hver upplifun þeirra er. Það getur verið gaman að skrá niður athugasemdir þeirra.

Næsta skref mætti vera að biðja þau að teikna krumma þegar hann er að biðja bóndann um bita og bóndann þegar hann rekur krumma í burtu.

Einnig væri gaman að sjá hvernig krummi og bóndi litu út ef bóndinn hefði gefið krumma bita með sér. Verða einhverjar breytingar? Ef svo er, af hverju?

Upplagt er að börnin setji saman bók þar sem hugmyndir þeirra og túlkun væru settar inn. Ýmsar útfærslur eru til af bókagerð og er um að gera að vera með í boði fjölbreyttar gerðir þannig að börnin geti gert þær sjálf. Má til dæmis nefna að harmonikkubækur eru mjög einfaldar í gerð.

Í myndsköpun og handmennt geta börnin búið til handbrúður og svið eða búninga og grímur á sig þannig að þau geti leikið kvæðið.

Spennandi er að velta aðeins fyrir sér með barnahópnum eftirfarandi:

- •Ef þú værir krummi og fengir engann bita, hvernig liði þér? Af hverju?
- •Ef þú værir bóndinn og vildir ekki gefa krumma bita, hvernig liði þér? Af hverju?
- •Ef þú værir krummi og fengir bita, hvernig liði þér? Af hverju?
- •Ef þú værir bóndinn og gæfir krumma bita, hvernig liði þér? Af hverju?

Í lokin væri svo upplagt að börnin myndu semja sögu út frá kvæðinu eins og þau sæju fyrir sér að sagan ætti að vera. Hægt væri að setja söguna upp sem skuggaleikhús, brúðuleikhús eða leikrit. Auðvitað eru það börnin sem sjá um alla hönnun, leikmunagerð og að leika.

Samfélagsfræði, náttúrufræði og stærðfræði

Farið er í vettvangsferðir um næsta nágrenni leikskólans og athugað hvað við sjáum marga hrafna og er upplagt að leyfa börnunum að vera með litla bók eða klemmuspjald, þannig að þau geti skráð niður talningu sína. Sjáum við fleiri fuglategundir? Hvaða? Fjöldi fugla talinn og í lokin tekinn saman heildarfjöldi.

Skoðað hvar við finnum krumma, hvar ætli hann eigi heima? Finnum við hreiður hans? Hreiður krumma heitir einnig laupur.

Prófa að gefa krumma að borða og fylgjast með því hvort hann komi. Það getur verið gott ráð að bera matinn fram á álbakka, því sagt er að krummi sé glysgjarn.

Börnin grúska svo í fræðibókum um fugla og kanna meðal annars hvað krummi er stór og hve þungur hann er. Börnin mæla einnig sína hæð og þyngd til að skoða hvort það sé einhver munur á þeim og krumma. Það getur verið gott að nota til dæmis smjörvaöskjur með ákveðinni þyngd í til að gera þyngdina sýnilegri fyrir börnunum (þá er t.d. 2 smjörvaöskjur með sand = 1 kg).

Gaman gæti verið að fara í vettvangsferð á náttúrugripasafn með börnin þannig að þau geti skoðað krumma nálægt og auðvitað hin dýrin.

Síðan er um að gera að nýta aðra umfjöllun sem er að finna hér undir Fuglavernd til nánari vinnu með börnunum.

Sýning/árangur

Í lok vinnunnar er sett upp sýning á verkum barnanna og foreldrum boðið að koma. Þá eru sýndar upptökur af leikritum og söng barnanna, en einnig væri ekki úr vegi að börnin myndu setja upp sér sýningu fyrir foreldrana og syngja kvæðið.

Nokkrar myndir

Hérna koma nokkra myndir úr verkefninu Selshamurinn. Þetta verkefni var unnið eftir þessu námsefni.



Hér fyrir ofna má sjá hvernig unnið er með texta úr sögunni. Bláa taflan hér fyrir ofan er svo kallað söguteppi.

Börnunum finnst virkilega spennandi að vinna svona með textann og upplifa að þau séu að lesa, enda hefur það komið í ljós að oft fara þau að vera meðvituð um orð og bókstafina út frá þessari vinnu... og áður en við vitum af eru þau orðin læs.



Börnin teiknuðu, máluðu, límdu og skrifuðu upplifun sína á sögunni og gerðu þessar fínu bækur.



Þessir hópur ákvað að vera með leiksýningu þar sem aðalhlutverkin voru í höndum leikbrúða sem þau eru hér að skapa.

Skuggaleikhús

Fuglavernd barna – ýmsar leiðir






Hún Helga Arnalds, sem er listrænn stjórnandi Leighússins 10 fingur, kom til okkar í leikskólann og hélt skuggaleikhús-námskeið fyrir næst elsta árganginn. Þetta var alveg ótrúleg upplifun fyrir börn og kennara að sjá og læra hvernig hægt er að leika sér með ljós, skugga og liti.

Þegar verið er að leika sér svona með ljós, skugga og liti er nauðsynlegt að vera með myndvarpa (þessa gömlu) og lak sem er sett upp eins og sýningatjald, þannig þó að myndvarpinn er á bak við og þeir sem eru að sýna skuggaleikhúsið. Gaman getur verið að byrja á að leika sér með mismunandi litar glærur, blúndur, net og annan efnivið sem hleypir ljósi í gegnum sig. Þessi efniviður er lagður á myndvarpann og myndar þannig bakgrunn. Jafnframt er hægt að vera með glært eldfast mót, sem er sett ofan á myndvarpann og smá vatn, það gefur skemmtilegan bakgrunn. Síðan er hægt að setja matarlit út í vatnið eða matarolíu. Þannig er hægt að leika sér með bakgrunn á marga vegu.

Skuggabréðurnar eru gerðar þannig að börnin teikna hvert fyrir sig sína brúðu á karton, klippa síðan út og að lokum er festur vír á brúðuna þannig að barnið geti haldið henni uppi. Ekki er teiknað neitt á skuggabréðu, en í staðin fyrir t.d. augu þarf að vera gat þannig að ljós skíni í gegn og myndi þannig augu. Einnig er hægt að klippa út í skuggabréðuna munstur og fleira þannig að ljósið fari í gegn. Gaman getur verið að nota litað sellófan eins og er utan um suma sælgætismola til að líma yfir það sem klippt hefur verið út og verður þá meiri litagleði.

Börnin á Bakkabergi hafa nýtt þessa skemmtilegu túlkun þó nokkuð, bæði varðandi fuglaverndina og annað starf sem þau hafa verið að vinna í. Þá semja þau sögu saman í litlum hópum, skipuleggja umhverfið (bakgrunn) og skipta á milli sín að skapa sögupersónurnar. Skuggaleikritið er æft og að lokum sett upp sýning fyrir hin börnin í skólanum.





Leikið sér með myndvarpa og ýmsar tilraunir gerðar til að skoða skuggann



Sögugrunnurinn

Fuglavernd barna – ýmsar leiðir



Sögugrunnurinn er námstæki sem ætlað er til sögugerðar og eru það **Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir** sem eru höfundarnir.

Sögugrunnurinn inniheldur myndaspjöld, orðamyndir og stafrófið, ásamt mjög góðum kennsluleiðbeiningum. Í kennsluleiðbeiningunum er mjög góður fræðilegur hluti, einnig er fjallað um það hvernig sögugrunnurinn er notaður og hugmyndabanki.

Það er virkilega gaman að nota þessar fallegu myndir sem eru í kassanum, leyfa börnunum að handfjatla þær, spjalla um og síðan að segja sögu út frá myndunum. Einnig er ekkert því til fyrirstöðu að kennarinn segi sögu út frá þeim myndum sem börnin hafa valið.

Sögugrunnurinn og fuglavernd

Í sögugrunninum er mikið af myndum af dýrum, byggingum, húsum og mörgu fleira. Við sjáum ekkert því til fyrirstöðu að fjölga myndunum í samræmi við það sem börnin eru að vinna með. Með fuglavernd leikskólabarna í huga þá er um að gera að bæta við myndum af fuglum, eggjum, hreiðrum, fuglafóðri, trjám, múum, steinum, klettum og öllu því sem við teljum að auðgi hugarflug barnanna.

Myndirnar sem fylgja með í sögugrunninum eru mjög fallegar vatnslitamyndir, en það eru ekki allir með þá færni að geta teiknað og málað og því er um að gera að nota það sem til fellur í umhverfinu eins og til dæmis myndir úr dagblöðum, bókum og ljósmyndir svo eitthvað sé nefnt. Auðvitað er einnig skemmtilegt að bjóða börnunum að teikna og mála myndir sem þau vilja nota með í sögugrunnin.

Ef farið er að vinna með ritmálið þá er mjög spennandi að fjölga orðamyndunum í samræmi við það orðaval sem við erum að nota með börnunum (sbr. tjaldur, hrafn, laupur, krummafótur).

Upplifun og túlkun barnanna

Fuglavernd barna



Oft var farið á veraldarvefinn í upplýsingaleit... skráð niður upplýsingar og sett upp á vegg.



Í einni fuglaskoðunarferð okkar voru með krítar. Börnin fengu að skreyta göngustíginn og hvert var svo myndefnið?



Sköpun út í náttúrunni.



Hver árgangur gerði sameiginlega fuglabók, þar sem fléttað var saman teikningum eftir börnin og frásagnir þeirra.



Allir fengu að skoða krumma í návígi...




Síðan fengu allir að mála á gler og auðvitað var valið svartan lit, þar sem krummi er svartur. Teiknuðu börnin svo í litinn með þar til gerðum gúmmípennsli og að lokum var myndin þrykkt yfir á blað. Útkoman voru þessar fínu krumma myndir.





Snjótilingar eru mjög mikið í heimsókn hjá okkur þegar veður er kalt. Við skoðuðum á netinu upplýsingar og myndir af snjótittlingum. Síðan var hann teiknaður, vatnslitaður og klipptur út. Að lokum var þeim komið fyrir í trjágrein inni í sal.




Æðablikinn var skoðaður í krók og koma og máluð mynd af honum.



Börnin gerðu mikið af því að skoða allskonar fuglabækur, fuglablöð, ljósmyndir og fara á veraldarvefinn að leita að upplýsingum um fugla.



Mismunandi túlkun hjá börnunum.



Börnin sköpuðu sinn eigin fugl í leir.




Tjaldurinn var mjög vinsæll, þar sem mikið er af honum niðri í fjörunni okkar.





Lítill fuglahús



Við gleymdum því ekki að hænur eru líka fuglar og gefa okkur egg.



